



Íþróttahátíð HK 2017

- Heiðranir -

Yngri flokkar:

- 1. 3.flokkur karla – Íslands- og bikarmeistarar í blaki**
 - 3. flokkur karla í blaki varð bæði Íslandsmeistari og bikarmeistari á árinu. Bikarmótið fóru fram í janúar í Fagralundi þar sem flokkurinn vann lið Þróttar Neskaupsstað, Hugins, Vestra og Aftureldingar á leið sinni að bikarnum. Á Íslandsmótinu vann liðið alla leiki sína á sannfærandi hátt og tapaði ekki hrinu á mótinu.
- 2. 2.flokkur kvenna – Íslandsmeistarar í blaki**
 - 2. flokkur kvenna í blaki varð bikarmeistari í janúar 2017. Í úrslitaleik unnu þær lið Aftureldingar og töpuðu ekki hrinu.
- 3. 3.flokkur kvenna – Íslandsmeistarar B-liða í knattspyrnu**
 - B-lið 3. flokks kvenna varð Íslandsmeistari sumarið 2017. Liðið spilaði 14 leiki, vann 11, gerði eitt jafntefli og tapaði tveimur leikjum. Liðið skoraði 46 mörk og fékk á sig 18. Alls voru 26 leikmenn sem spiluðu þessa leiki og þarf af voru 8 leikmenn úr 4. fl. kvenna. Þess má geta A-lið 3. flokks komst í undanúrslit Íslandsmóts en margir leikmenn B-liðsins spiluðu líka með því liði.



Bandý



Blak



Borðtennis



Dans



Fótbolti



Handbolli



Taekwondo

- Heiðranir -

Meistaraflokkar:

4. HK B kvenna – Íslandsmeistarar 1.deildar í blaki

- Blakdeild HK tefldi fram B-liði sem lék í 1.deild. Liðið var að mestu skipað efnilegum leikmönnum meistaraflokks og 3.flokks sem voru ekki að spila með í úrvalsdeild. Einnig voru í liðinu góður hópur af eldri og reyndari leikmönnum sem miðluðu sinni reynslu til þeirra yngri. Liðið fór ósigræð í gegnum alla deildarkeppnina og stóð því uppi sem deilarmeistarari í lok tímabils 2017.

5. Meistaraflokkur kvenna – Deildar- og Íslandsmeistarar í blaki

- Viðburðarríkt ár að baki hjá blakstelpunum og ég held að mér leyfist að segja eitt af betri tímabilum meistaraflokks kvenna frá stofnun blakdeildar. Þær hófu árið á að taka þátt í úrslitakeppni NEVZA í Danmörku, en NEVZA er norður evrópumót félagsliða í blaki, og þó svo að liðið kæmist ekki áfram þá var liðið á þessum tímavæðingum eina íslenska félagsliðið sem hefur komist þetta langt í evrópukeppninni. Stelpurnar urðu deildarmeistarar síðastliðið vor en þær unnu alla sína leiki og fóru því ósigræðar í gegnum deildarkeppnina. Í úrslitakeppninni um Íslandsmeistaratitilinn sigruðu þær lið Stjórnunnar tvisvar sinnum áður en þær mættu sterku liði Aftureldingar í úrslitarimmunni. Úrslitarimman endaði í fimm æsispennandi leikjum þar sem stelpurnar loksins tryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn í Fagralundi.

6. Meistaraflokkur karla – Íslandsmeistarar og meistarar meistaranna í blaki

- Meistaraflokkur karla varð Íslandsmeistari á árinu eftir að hafa lent í öðru sæti í deildarkeppni Mizunodeildarinnar. Í undanúrslitunum um Íslandsmeistaratitilinn kepptu þeir tvo leiki við Þrótt Neskaupsstað sem unnust. Í úrslitunum mættu þeir svo liði Stjórnuna, sem urðu deildarmeistarar, en allir fjórir leikir liðsins á tímabilinu gegn Stjórnunni höfðu tapast. En eitthvað gerðist í úrslitakeppninni sjálfri og strákarnir gerðu sér lítið fyrir og kláruðu einvígið 3-0. Tíundi Íslandsmeistaratitilinn staðreynd og sá sjötti í röð hjá meistaraflokki karla. Meistaraflokkur karla varð einnig Meistari Meistaranna í byrjun hausts. En þar áttust við Íslandsmeistarar og Bikarmeistarar tímabilsins á undan og sigraði HK lið Aftureldingar 3-0. Með sigrinum varð HK fyrsta lið sögunnar til að vera Meistari Meistaranna, enda um nýtt fyrirkomulag blaksambandsins að ræða.



Bandý



Blak



Borðtennis



Dans



Fótolti



Handbolti



Taekwondo

Íþróttahátíð HK 2017

- Heiðranir -

Einstaklingar:

Blakdeild HK

Íslandsmeistarar í strandblaki

- 1.deild kvenna Elísabet Einarsdóttir og Matthildur Einardóttir

Dansdeild HK

Gylfi Már Hrafnsson og María Tinna Hauksdóttir

- Evrópubikarmeistarar í Ballroom dönsum
- Evrópubikarmeistarar í 10 dönsum
- Norðurlandameistarar í Ballroom dönsum
- Norðurlandameistarar í Latin dönsum
- Íslandsmeistarar í Ballroom dönsum
- Íslandsmeistarar í Latin dönsum
- Íslandsmeistarar í 10 dönsum
- Bikarmeistarar í Ballroom dönsum
- Bikarmeistarar í Latin dönsum
- Handhafar 10 annara tiltla á árinu.

Borðtennisdeild HK

Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir

- Íslandsmeistari í einliðaleik kvenna í meistaraflokki
- Íslandsmeistari fatlaðra í standandi flokki
- Íslandsmeistari fatlaðra í opnum flokki

Bjarni Þorgeir Bjarnason

- Íslandsmeistari öldunga í tvíliðaleik



Bandý



Blak



Borðtennis



Dans



Fótbolti



Handbolti



Taekwondo

Íþróttahátíð HK 2017

- Heiðranir -

Einstaklingar 13-16 ára

Þeir sem tilnefndir voru af deildum til íþróttakarls og -konu Kópavogsbæjar 2017

Blakdeild HK

Matthildur Einarsdóttir
Markús Ingi Matthíasson

Dansdeild HK

Gylfi Már Hranfsson
María Tinna Hauksdóttir

Knattspyrnudeild HK

Valgeir Valgeirsson
María Lena Ásgeirsdóttir

Handknattleiksdeild HK

Styrmir Máni Arnarsson
Tinna Sól Björgvinsdóttir



Bandý



Blak



Borðtennis



Dans



Fótbolti



Handbolti



Taekwondo

Íþróttahátíð HK 2017

- Heiðranir og krýning -

Einstaklingar í flokki fullorðinna

Þeir einstaklingar, í flokki fullorðinna, sem deildir félagsins tilnefndu til íþróttamanns og – konu HK 2017

Blakdeild HK

Elísabet Einarsdóttir

Elísabet átti framúrskarandi tímabil síðasta vetur og stóð upp úr í sterku liði HK sem vann deildar- og Íslandsmeistaratitil. Hún var síðan valin í landsliðið þar sem hún spilaði mikilvægt hlutverk og í kjölfar þess skrifaði hún undir atvinnumannasamning við Volley Lugano í Sviss.

Elísabet varð einnig Íslandsmeistari í strandblaki í sumar, en hún og systir hennar unnu 1.deild kvenna.

Elísabet er á allan hátt mjög góður íþróttamaður og góð fyrirmynd innan vallar sem utan. Hún leggur hart að sér á æfingum, er ósérhlífín og mikil hvatning og fyrirmynd annarra leikmanna, hvort heldur sem er innan liðs eða með landsliðinu.

Máni Matthíasson

Tímabilið 2016/17 byrjaði nokkuð erfiðlega fyrir HK, meiðsli hjá lykilmanni og aðaluppspilara liðsins ásamt því að ganga í gegnum þjálfara skipti. Það kom í hlutverk hins 17 ára uppspilara að leiða liðið. Hann stóð sig með mikilli þryði og var í lok tímabilsins sá uppspilari sem var með bestu nýtinguna í Mizuno-deildinni og úrslitakeppni fyrir Íslandsmeistaratitillinn. Hann er ekki aðeins fyrirmynd inn á vellinum heldur er hann duglegur að hjálpa við þjálfun yngriflokka blakdeildar HK. Þetta árið fékk hann einnig meiri spilatíma með A-landsliði Íslands ásamt því að hafa spilað með U19.



Bandý



Blak



Borðtennis



Dans



Fótbolti



Handbolt



Taekwondo

Knattspyrnudeild HK

Björk Björnsdóttir

Björk var á síðasta tímabili einn af lykilleikmönnum HK/Víkings og átti stóran þátt í að hjálpa liðinu enda í 1. sæti 1. deildar og þar með að tryggja liðinu þátttökurétt í pepsídeildinni á komandi tímabili. Sýndi hún það og sannaði að hún er með betri markmönnum á Íslandi með því að vera valin markmaður ársins í 1. deildinni síðasta sumar. Ákveðin og kraftmikill leikmaður sem er frábær liðsfélagi og leiðtogi.

Guðmundur Þór Júlíusson

Guðmundur Þór Júlíusson er 24 ára gamall varnarmaður sem á að baki 76 leiki með meistaraflokki HK. Hann hefur verið lykilleikmaður með meistaraflokki HK sl. fjögur tímabil og var valinn knattspyrnumaður HK árið 2017. Guðmundur er mikill leiðtogi innan vallar sem utan, hann er metnaðarfullur og dregur liðið með sér í að ná góðum árangri. Guðmundur hefur reynst yngri leikmönnum félagsins vel en hann er bæði mjög góð fyrirmynd og félagi fyrir þá yngri. Guðmundur á stóran þátt í því að hafa hjálpað HK við að komast á hærri stall og hans þáttur í velgengni síðasta tímabils var töluverður, enda spilaði hann 21 af 22 leikjum síðasta tímabils.



Bandý



Blak



Borðtennis



Dans



Fótbolti



Handbolti



Taekwondo

Handknattleiksdeild HK

Berglind Þorsteinsdóttir

Berglind er gríðarlega metnaðarfullur íþróttamaður. Þó hún sé einungis 19 ára gömul hefur hún nú þegar lagt gríðarlega vinnu á sig til að ná sem lengst í íþróttinni. Hún æfir mikið aukalega og leggur sig mikið fram á hverju einustu æfingu og í leik. Þrátt fyrir ungan aldur hefur hún verið lykilmanneskja í mfl kvk síðastliðin 2 ár. Hún er góð fyrirmynd fyrir yngri iðkendur, kemur alltaf vel fyrir og er alger bindindismanneskja á áfengi og tóbak. Berglind hefur verið í yngri landsliðum allt frá U16 og er nú fastamanneskja í U20, nú síðast var hún í æfingahóp hjá A-landsliði Íslands. Það er enginn vafi að Berglind á eftir að ná langt haldi hún áfram á sömu braut.

Kristófer Dagur Sigurðsson

Kristófer Dagur Sigurðsson er, þrátt fyrir að vera aðeins 19 ára gamall, lykilmáður í meistaraflokki HK. Hann hefur skorað 8,8 mörk að meðaltali í leik í vetur (markahæsti leikmaður deildarinnar hingað til) og hefur verið einn allra besta leikmaður HK það sem af er tímabili. Kristófer hefur undanfarin ár verið fastamaður í unglingslandslíði Íslands og tekið þátt í öllum þeim stórmótum sem hans aldursflokkur hefur unnið sér rétt til að leika á. Auk þess að vera afar góður leikmaður með frábæra tækni þá hefur hann góðan mann að geyma, leggur sig ávallt 120% fram, er sér og öðrum til sóma, kurteis og fylginn sér. Kristófer er týpa sem getur náð langt, hann er leikmaður sem mætir ávallt á réttum tíma, er frábær fyrirmynd, æfir aukalega og gefur sig allan í þau verkefni sem hann tekur sér fyrir hendur.

Borðtennisdeild HK

Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir

Kolfinna er Íslandsmeistari í meistaraflokki kvenna í borðtennis. Hún er einnig Íslandsmeistari fatlaðra í öllum flokkum bæði standandi og sitjandi og er eini fatlaði íþróttamaðurinn sem hefur unnið meistaratitil í flokki ófatlaðra. Kolfinna var hryggjarstykkið í íslenska kvennalandsliðinu á liðnu keppnistímabili og lék fyrir Íslands hönd á bæði Smáþjóðaleikunum sem og í forkeppni Evrópumótsins sem fram fó í Danmörku. Kolfinna sigraði á sterkum mótum innanlands auk Íslandsmótsins og má þar nefna bh bikarinn en þangað var eingöngu boðið landsliðsfólki.



Bandý



Blak



Borðtennis



Dans



Fótbolti



Handbolti



Taekwondo